

Fundargerð 449. fundar framkvæmdanefndar búvörusamninga, fjarfundur haldinn á Teams, þriðjudaginn 4. maí 2021. Fundur hófst kl. 15:00. Til fundarins var boðað með dagskrá.

Þátttakendur: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, nefndarmaður og sérfræðingur hjá ANR, Gunnar Þorgeirsson, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, nefndarmaður og framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður Landssamband kúabænda, áheyrnarfulltrúi og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Sigurður Eypórsson, verkefnisstjóri hjá ANR.

Gengið til dagskrár.

Fundargerð 448. fundar samþykkt.

1. Tillaga Landssamtaka sauðfjárbænda um að ónýttar beingreiðslur ársins 2020 frá síðasta fundi (448. fundur). LS lagði til að þær yrðu greiddar á grunni gæðastýringar ársins 2020 og greiddar sem fyrst til bænda í einni greiðslu. Tillagan var lögð fyrir á síðasta fundi en ekki tekin þá til afgreiðslu. Tillaga var síðan samþykkt af nefndarmönnum eftir fundinn með tölvupósti. Greiðslan fór fram samhliða sérstakri greiðslu til sauðfjárbænda vegna afleiðinga Covid-19 þann 31. mars sl.

2. Erindi frá LK um ráðstöfun fjármagns af framleiðslujafnvægislið nautgripasamningsins (6. grein) í aðlögun loftslagsvæns landbúnaðar í nautgriparékt.

Lagt fyrir fundinn stöðuskýrsla LK frá desember 2020 um loftslagsvænan landbúnað og minnisblað til ANR dags. 24.2.2021 um verkefni sem RML getur unnið að í tengslum við aðgerðir vegna loftlagsmála nautgriparékt.

Landssamband kúabænda leggur til að 6,5 milljónir króna af framleiðslujafnvægislið samningsins verði ráðstafað til aðlögunar verkefnisins Loftslagsvænn landbúnaður að nautgriparékt. Miðað er við að kúabændur komi inn í verkefnið haustið 2021. Gæta þarf jafnræðis milli búgreina. Tillagan samþykkt.

3. Ákvörðun um ráðstöfun á framlagi til stuðnings nautakjötsframleiðslu árið 2021, skv. 9. grein nautgripasamnings og 24. greinar reglugerðar nr. 1252/2019 um stuðning við nautgriparékt.

Á fjárlögum 2021 er upphæð til ráðstöfunar 187.547.711 kr. Tillaga LK um að 25 milljónir króna fari til Einangrunarstöðvarinnar og afgangur í sláturálagið. Tillagan samþykkt.

4. Samningur við VOR.

Staðan við síðustu áramót var 42.751.600 krónur á liðnum Lífræn framleiðsla óráðstafað. Málinu frestað til næsta fundar og óskað eftir að farið verði yfir skýrslur frá VOR um hvernig fjármunir hafi verið nýttir.

5. Ný reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.

Ný reglugerð hefur tekið gildi. Ábendingar komu frá Bændasamtökunum varðandi 28. greinina og 7. greinina, sem eru til skoðunar innan ráðuneytisins.

6. Mælaborð landbúnaðarins. Staðan rædd og umræða um næstu áfanga.

7. Beiðni SAM um leiðréttingu á útflutningsskyldu – áframhaldandi umræða.

Ráðuneytið mun taka saman greinagerð um málið og leggja fyrir nefndina til umræðu og afgreiðslu.

Fundi slitið kl. 16:00.